

ræddan akstur, að frádregnum 20% afslætti, samtals kr. 16.342.28. Upp í það hefur stefndi greitt kr. 8.000.00. Á því stefndi ógreitt til stefnanda kr. 8.342.28, og verður hann dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.750.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Steypumöl h/f, greiði stefnanda, Ólafi Jónssyni, kr. 8.342.28 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1957 til greiðsludags og kr. 1.750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 25. marz 1961.

Nr. 55/1961. Trygging h/f

gegn

Rögnu Björnsson og

Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Línal.

Kærumál. Krafa um framlagningu skjals.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. febrúar 1961 og krafizt þess, að varnaraðilja Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra verði dæmt að láta fram til afnota í hæstaréttarmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja Rögnu Björnsson nr. 152/1960 dánarvottorð Sigurðar Árnasonar Guðmundssonar, er lézt 30. júlí 1959, út gefið af Niels prófessor Dungal.

Varnaraðili Ragna Björnsson hefur engar kröfur haft uppi hér fyrir dómi, en hins vegar lýst því, að hún hafi „ekki á móti því“, að dánarvottorðið verði lagt fram.

Frá hagstofustjóra hafa kröfur eða greinargerð eigi borizt.

Eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, framkvæmdi Niels Dungal prófessor krufningu á líki Sigurðar heitins Guðmundssonar. Var í héraði lögð fram ýtarleg skýrsla prófessorsins um krufninguna og ályktun hans um dánarorsök. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu sóknaraðilja til greina. Verður úrskurður héraðsdómara því staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1961.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 21. þ. m. um skyldu Klemenzar Tryggvasonar hagstofustjóra til þess f. h. Hagstofu Íslands að leggja fram dánarvottorð eða staðfest endurrit þess.

Málið var höfðað með bókun á bæjarþingi hinn 7. m. til að afla gagna til afnota í hæstaréttarmálinu nr. 152/1960: Trygging h/f gegn Rögnu Björnsson.

Hinn 22. september 1959 höfðaði frú Ragna Björnsson, ekkja Sigurður Árnasonar Guðmundssonar forstjóra, sem lézt 30. júlí 1959, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Tryggingu h/f og krafðist greiðslu á slysatryggingarfé ásamt vöxtum og kostnaði. Í málinu var því haldið fram af hálfu Tryggingar h/f, að Sigurður hafi stytst sér aldur, og greiðslu neitað, m. a. á þeim forsendum. Dómur í bæjarþingsmáli þessu var kveðinn upp 22. júní 1960. Var honum síðan áfrýjað til Hæstaréttar (hæstaréttarmál nr. 152/1960).

Í bókun í þinghaldi 7. þ. m. segir lögmaður vitnastefnanda m. a.: „Þar sem ég tel eigi útilokað, að dánarvottorð það, er læknir hefur afhent Hagstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 42 8. maí 1950 vegna andláts Sigurðar heitins Guðmundssonar, kunni að hafa þýðingu í hæstaréttarmálinu nr. 152/1960 þá óska ég eftir úrskurði um það atriði, að hagstofustjóra, Klemenz Tryggvassyni, vegna Hagstofu Íslands verði gert skylt að láta mér í té dánarvottorð eða staðfest endurrit af því til framlagningar í ofangreindu hæstaréttarmáli. Einkum og sér í lagi er þess óskað vegna þess, að lækni þeim, er gefið hefur vottorðið út, ber að láta í ljós álit sitt á því, þegar um voveifleg manns-

lát er að ræða, hverja hann telji orsök slysfaradauða, þar undir sjálfsmorð. Tel ég dánarvottorðið ef til vill geta stutt önnur þau rök, er ég hefi flutt fram fyrir þeirri staðhæfingu minni, að Sigurður heitinn Guðmundsson hafi stýtt sér aldur.“

Sami lögmaður lagði fram eyðublað fyrir dánarvottorð. Þar er m. a. reitur, þar sem stendur:

„*Viðaukagreinargerð um slysfaradauða (voveiflegt mannslát).*

Sjónarvott(ar) að slysinu — fundið lík — sjálfsmorð — manndráp — annað slys — um ölvun að ræða: hins látna sjálfs — annarra.

Hér skal strika undir það, sem við á (spurningarmerki aftan striks, ef óvíst)

Hvar slysið varð (nánara en undir dánarheimili)

Við hverja athöfn (vinnu og þá hverja, umferð, og getið farartækis, íþróttir og þá hverja o. s. frv.)

Nánara um eðli slyssins og tildrög“.

Klemenx Tryggvason hagstofustjóri kom fyrir dóm 7. þ. m. og skýrði frá því, að Niels Dungal prófessor hefði ritað dánarvottorð um Sigurð Guðmundsson.

Hagstofustjóri var spurður, hvort hann vildi leggja fram vottorðið eða staðfest endurrit þess. Hann kvaðst álíta, að eðli máls samkvæmt sé Hagstofu Íslands óheimilt að láta slíkt vottorð í té, að því er tekur til dánarorsakar, nema samkvæmt úrskurði dómstóla. Kvaðst hann ekki vilja leggja fram hið umbeðna skjal og það ekki heldur, þó að fyrir lægi samþykki frú Rögnu Björnsson til þess. Taldi hagstofustjóri, að þetta gæti varðað hagsmunum fleiri aðilja en hennar, en tók fram, að það væri ekki andstætt hagsmunum Hagstofu Íslands, að skjalið yrði lagt fram. Kvaðst hagstofustjóri telja það mikilvægt atriði í þessu sambandi, að læknar gætu treyst því, að hagstofan gæfi ekki upplýsingar um dánarorsakir samkvæmt dánarvottorðum þeirra, nema dómstóll hafi fellt úrskurð þar að lútandi.

Í þessu sambandi var bókað eftir lögmanni frú Rögnu Björnsson:

„Það er nú komið fram í málinu, að dánarvottorð það, sem krafizt er framlagningar á nú, er gefið af prófessor Niels Dungal, þeim sama lækni, er framkvæmdi krufningu á líki Sigurðar heitins Guðmundssonar, en vottorð þessa læknis um krufninguna og dánarorsökina liggur þegar fyrir í aðalmálinu. Ég mót-mæli ekki sérstaklega, að vitninu (þ. e. hagstofustjóra) verði gert að leggja fram staðfest endurrit af hinu umbeðna vottorði,

en tel það algeran óþarfa, þar sem það, sem mér skilst, að háttvirtur andstæðingur ætli að sanna með kröfu sinni um framlagningu skjals þessa, er þegar fyllilega upplýst í máli þessu.“

Var það síðan tekið til úrskurðar á þessu bæjarþingi, hvort hagstofustjóra bæri f. h. Hagstofu Íslands að leggja fram skjal það, sem hann var krafinn um.

Daginn eftir, 8. febrúar, var kveðinn upp úrskurður, byggður á lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að gera þessar ráðstafanir:

1. að tilkynna börnum Sigurðar Guðmundssonar, þeim sem sjálfráð eru orðin, að þess hafi verið krafizt, að dánarvottorð föður þeirra yrði lagt fram í dómi, og gefa þeim kost á að andmæla því, að svo verði gert, ef þeim þykir ástæða til.

2. að gera ráðstafanir til, að Níels Dungal prófessor eigi þess kost að gæta hagsmuna sinna í máli þessu.

Málið var næst tekið fyrir á bæjarþingi 21. þ. m. Var þá lagt frá eftirfarandi bréf frá Níels Dungal prófessor:

„Það vottast hér með, að ég hef ekkert á móti því, að dánarvottorð það, sem ég gaf um Sigurð Árnason Guðmundsson, sem lézt 30/7 1959, verði lagt fram í máli því, sem rekið er nú út af dauða hans.“

Í þessu sama þinghaldi lýsti lögmaður frú Rögnu Björnsson því yfir, að hún mundi ekki koma á framfæri þeirri tilkynningu, sem um ræðir í fyrra atriði úrskurðarins frá 8. þ. m. Af hálfu annarra aðilja vitnamáls þessa var því lýst yfir, að þeir hefðu ekki komið tilkynningunni á framfæri.

Lögmaður vitnastefnanda ítrekaði síðan kröfu sína og hagstofustjóri lýsti því yfir, að afstaða sín væri óbreytt þrátt fyrir bréf Níelsar Dungals. Var atriðið síðan lagt í úrskurð af hálfu allra aðilja vitnamálsins.

Það er meginregla í íslenskum rétti, að mönnum er skylt að bera vitni í dómsmálum. Frá þessari meginreglu eru undantekningar, sem byggjast á tilliti til vitna eða almannahagsmuna af, að einkamálefni eða opinber málefni fari leynt.

Í 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 er ákvæði þess efnis, að vitni sé óheimilt að svara spurningum, nema sá leyfi, sem með á, ef vitnið sem embættismaður eða sýslunar hefur komizt að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.

Eftir 146. gr. sömu laga ber að beita þessu sama sjónarmiði, þegar úr því er skorið, hvort þriðja manni verður gert að skyldu að leggja fram skjal, sem hann hefur í vörzlum sínum.

Ef talið yrði, að fyrrgreindur töluliður 126. gr. laga nr. 85/1936 leiddi til þess, að hagstofustjóra væri óheimilt að leggja fram skjal það, sem hann er krafinn um í vitnamáli þessu, hlýtur sú niðurstaða að byggjast á því, að Níels Dungal prófessor sé bundinn þagnarskyldu um atriði það, sem um er að ræða. Verður ekki séð, að sérstakar lagareglur, varðandi Hagstofu Íslands, komi hér til álita, en hins vegar verður að telja, að starfsmenn Hagstofunnar séu samkvæmt lögjöfnun frá niðurlagsákvæði 10. gr. laga nr. 47/1932 bundnir sams konar þagnarskyldu og lækna.

Kemur þá til athugunar, hvort ákvæði laga um þagnarskyldu lækna leiði til þess, að hafna verði kröfu vitnastefnanda í máli þessu. Telja verður, að upplýsingar um dánarorsök í dánarvottorði séu einkamál í skilningi 10. gr. laga nr. 47/1932, þar sem umsögn lækna í vottorðunum getur byggzt á þekkingu, sem þeir hafa aflað sér á grundvelli trúnaðarsambands við viðkomandi aðilja. Þar sem ekki liggur fyrir afstaða sjálfráða barna Sigurðar Guðmundssonar til kröfu vitnastefnanda, verður að líta svo á, að ekki liggi fyrir leyfi þeirra, sem með málið eiga, til vitnisburðar. Í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47/1932 er heimilað að krefja lækni um vitnisburði, þótt slíkt leyfi sé ekki fyrir hendi. Skilyrði þess eru þau, að ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðilja eða þjóðfélagið. Í máli þessu eru að vísu verulegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi, en hins vegar verður ekki ætlað, þegar virt er, hvaða gögn eru þegar fram komin, að málið velti á því skjali, sem krafist er úr hendi hagstofustjóra. Verður því að telja, að Níels Dungal prófessor sé samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47/1932 bundinn þagnarskyldu um það atriði, sem um kann að vera fjallað í þeim kafla dánarvottorðs um Sigurð Guðmundsson, sem er viðaukagreinargerð um slysfaradauða. Er hagstofustjóra f. h. Hagstofu Íslands þá jafnframt óheimilt að láta í té skjal þetta eða staðfest endurrit þess samkvæmt 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 146. gr. sömu laga. Ekki breytir það þessari niðurstöðu, að þegar eru fram komin í dómi margvísleg gögn, sem varða andlát Sigurðar Guðmundssonar, og ýms atriði, varðandi andlátið, sem áður voru einkamálefni, eru því þegar á almannavitorði. Gildir þetta ekki um þá umsögn, sem kann að

felast í dánarvottorðinu um Sigurð og sem í vitnamáli þessu er eftir leitað.

Kröfu þeirri, sem hér er til úrskurðar, verður því ekki sinnt.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi bargardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Framkominni kröfu um, að Klemenx Tryggvasyni hagstofustjóra verði f. h. Hagstofu Íslands gert að skyldu að leggja fram dánarvottorð um Sigurð Guðmundsson eða staðfest endurrit þess, verður ekki sinnt.

Miðvikudaginn 12. apríl 1961.

Nr. 34/1961. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Eins og greinir í dómi Hæstaréttar 23. janúar 1961, hafði ákærði til þess tíma skorast undan að finna stað þeim ummælum sínum, sem greinir í III. kafla ákæruskjals. Verjandi ákærða hefur í dag lýst því fyrir Hæstarétti, að ákærði vilji nú koma fyrir dóm og tilgreina til viðbótar því, sem fram er komið, ákveðnar staðreyndir til stuðnings sakburði þeim á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum, er ákærði sætir ákæru fyrir.

Samkvæmt þessu er lagt fyrir héraðsdómara að kveðja ákærða, Magnús Guðmundsson, fyrir sakadóm, veita honum kost á því að gefa skýrslu um framangreint efni og halda rannsókn um málið, eftir því sem sú skýrsla gefur tilefni til.